



# SAMÞYKKTIR ÍÞRÓTTAÞINGS ÍSÍ 2017

---

Þingskjal 1-5; þingskjal 25

## TILLAGA UM BREYTINGAR Á LÖGUM ÍSÍ

73. Íþróttaping ÍSÍ, haldið dagana 5. – 6. maí 2017 í Gullhömrum í Reykjavík samþykkir eftirfarandi tillögur um breytingar á lögum ÍSÍ:

### Breytingar á grein 1.5

#### Verður:

1.5. Sem landssamband á Íslandi, er nýtur viðurkenningar Alþjóðaólympíunefndarinnar (the International Olympic Committee – IOC) og heyrir Ólympíuhreyfingunni til, tekst ÍSÍ á hendur að sínu leyti og fyrir hönd framkvæmdastjórnar sinnar og allra sambandsaðila að virða Ólympíusáttmálann, reglur IOC og Alþjóðalyfjareglurnar og að hlíta ákvörðunum aðalfunda Alþjóðaólympíunefndarinnar.

---

### Breyting á grein 1.6

#### Verður:

1.6. Í samræmi við tilgang sinn og markmið sem landssamband heitir ÍSÍ því að leggja lið að aðgerðum í þágu friðar og vinna að því að efla stöðu kvenna í íþróttum og íþróttamálum á grundvelli jafnréttis. Einnig heitir ÍSÍ því að styðja og efla virðingu siðareglna í íþróttum, að berjast gegn lyfjamisnotkun, hagræðingu úrslita í íþróttum og að sýna ábyrgð umhyggju gagnvart málefnum á sviði umhverfisverndar, er á reynir í sambandi við iðkun íþróttar.

---

### Breyting á grein 5.2.e)

#### Verður:

5.2.e) Félagsaðild sé ávallt öllum frjáls og ekki séu aðrar takmarkanir á þátttöku í félagsstarfi en þær sem ytri aðstæður, t.d. þjálfunaraðstæður, leyfa. Skráning félagsaðildar tekur gildi þegar viðkomandi hefur verið skráður í sameiginlegu félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ og að sama skapi tekur úrsögn gildi þegar viðkomandi hefur verið skráður úr félagakerfinu. Það er á ábyrgð félagsmanns að ganga úr skugga um að skráning/afskráning hafi átt sér stað í félagakerfinu.

---

### Breyting á 12. grein

#### Verður:

12.1.

Á Íþróttapingi eiga sérsambönd fulltrúa samkvæmt eftirgreindum reglum og iðkendafjölda síðastliðins starfsárs: Sérsamband sem hefur 999 iðkendur eða færri á 2 fulltrúa, 1 frá stjórn sérsambands og 1 sem kjósa skal á sambandsþingi viðkomandi sambands. Sérsamband sem hefur





1.000 - 4.999 iðkendur á 3 fulltrúa, 1 frá stjórn sérsambands og 2 sem kjósa skal á sambandsþingi viðkomandi sambands. Sérsamband sem hefur 5.000 - 9.999 iðkendur á 5 fulltrúa, 1 frá stjórn sérsambands og 4 sem kjósa skal á sambandsþingi viðkomandi sambands. Sérsamband sem hefur 10.000 iðkendur eða fleiri á 7 fulltrúa, 2 frá stjórn sérsambands og 5 sem kjósa skal á sambandsþingi viðkomandi sambands. Hvert sérsamband skal kjósa jafnmarga varamenn og nemur fulltrúatölu þess. Sambandsþingum sérsambanda er heimilt að vísa vali á fulltrúum á Íþróttþing til stjórna sambanda enda sé það samþykkt af 4/5 þingfulltrúa. Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar er sérsambandi heimilt að hafa í lögum sínum ákvæði þar sem kveðið er á um að stjórn sambands velji fulltrúa á Íþróttþing ÍSÍ.

## 12.2.

Héraðssambönd og Íþróttabandalög eiga samanlagt jafn marga fulltrúa á Íþróttþingum og sérsambönd fá samkvæmt grein 12.1. Skiptast fulltrúar á héraðssamböndin og Íþróttabandalögin í hlutfalli við fjölda félagsmanna samkvæmt félagatali síðastliðins starfsárs fyrir Íþróttþing. Þó skal hvert héraðssamband og Íþróttabandalag fá að lágmarki einn fulltrúa á Íþróttþing. Héraðssamband/Íþróttabandalag sem hefur einungis einn fulltrúa á Íþróttþingi, á rétt á að auki einum áheyrnarfulltrúa sem hefur tillögurétt og málfrelsi en ekki atkvæðisrétt. Hvert héraðssamband/Íþróttabandalag skal kjósa jafnmarga varamenn og nemur fulltrúatölu þess. Frá héraðssamböndum og Íþróttabandalögum sem hafa færri en 10.000 féлага skal einn fulltrúi koma frá stjórn viðkomandi sambands/bandalags, tveir ef félagsmenn eru á bilinu 10.000 til 19.999, þrír ef félagsmenn eru á bilinu 20.000 til 29.999 og fjórir ef félagsmenn eru 30.000 eða fleiri. Aðrir fulltrúar skulu kosnir á fundi sambandsins/bandalagsins. Sambandsþingum héraðssambanda/Íþróttabandalaga er heimilt að vísa vali á fulltrúum á Íþróttþing til stjórna héraðssambanda/Íþróttabandalaga enda sé það samþykkt af 4/5 þingfulltrúa. Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar er héraðssambandi/Íþróttabandalagi heimilt að hafa í lögum sínum ákvæði þar sem kveðið er á um að stjórn héraðssambands/Íþróttabandalags velji fulltrúa á Íþróttþing ÍSÍ.

---

## Breyting á grein 12.3

### Verður:

12.3. Á Íþróttþingi skulu fulltrúar Alþjóðaólympíunefndarinnar á Íslandi, ef um er að ræða, einnig eiga sæti. Fulltrúi, sem kjörinn er til setu í nefndinni á grundvelli þess, að hann eigi ríkisfang og búsetu eða aðalbækistöðsína á Íslandi, skal einnig eiga sæti í framkvæmdastjórn ÍSÍ, sbr. gr. 17.1.

Kjörinn fulltrúi í Alþjóðaólympíunefndinni, heiðursfélagi hennar eða félagi, sem nefndin hefur heiðrað með aðild, má ekki eiga sæti á Íþróttþingi eða í framkvæmdastjórn ÍSÍ, hafi honum verið vísað úr nefndinni.

---

## Breyting á grein 13.1

### Verður:

13.1. Dagskrá Íþróttþings skal vera eftirfarandi:

1. Forseti setur þing.
2. Kjörnir 1. og 2. þingforseti.
3. Kjörnir 1. og 2. þingritari.
4. Kosning 5 manna kjörbréfanefndar.
5. Ávörp gesta.





6. Lögð fram skýrsla framkvæmdastjórnar.
  7. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
  8. Umræður og samþykkt reikninga.
  9. Kosning þingnefnda:
    - a) Fjárhagsnefnd 5 manna.
    - b) Allsherjarnefnd 5 manna.
    - c) Laganefnd 5 manna.
    - d) Afreksnefnd 5 manna.
    - e) Aðrar nefndir skv. ákvörðun þings hverju sinni.
  10. Stofnun nýrra sérsambanda.
  11. Lagabreytingatillögur.
  12. Móta- og keppendareglur ÍSí.
  13. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði.
  14. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið og þingmeirihluti leyfir.
  15. Þingnefndir starfa.
  16. Kjörnefnd kynnir framboð.
  17. Þingnefndir gera grein fyrir störfum sínum.
  18. Tillögur fjárhagsnefndar.
  19. Kosningar:
    - a) Framkvæmdastjórn sbr. 17. gr.
    - b) Tveir skoðunarmenn og tveir til vara.
    - c) Sex dómara í dómstól ÍSí og sex dómara í áfrýjunardómstól ÍSí.
    - d) Kjörnefnd 5 manna og tveir til vara, sbr. grein 11.5Allar kosningar gilda fram að kosningu á næsta Íþróttþingi að undanskilinni kosningu til framkvæmdastjórnar er gildir til fjögurra ára. Þær skulu vera skriflegar nema aðeins sé stungið upp á jafnmörgum og kjósa skal.
  20. Þingslit.
- 

### **Breyting á grein 15.2.**

#### **Verður:**

15.2. Formannafund sækja:

- a) Framkvæmdastjórn ÍSí
- b) Formenn og framkvæmdastjórar héraðssambanda/íþróttabandalaga
- c) Formenn og framkvæmdastjórar sérsambanda

Í forföllum formanna héraðssambanda/íþróttabandalaga og sérsambanda taka varaformenn sæti í þeirra stað. Að öðrum kosti stjórnarmenn samkvæmt ákvörðun hlutaðeigandi stjórnar. Að auki getur framkvæmdastjórn boðið öðrum aðilum að sitja fundi ef hún telur ástæðu til.

---

### **Breyting á grein 17.1**

#### **Verður:**

17.1. Í framkvæmdastjórn ÍSí eiga sæti:





- a) Fulltrúi Alþjóðaólympíunefndarinnar (IOC) á Íslandi, hafi hann verið kjörinn í nefndina á grundvelli ríkisfangs og búsetu eða aðalbækistöðvar hér á landi.
- b) 15 menn kosnir á Íþróttapingi.  
Kosning fari þannig fram:
  - 1. Forseti
  - 2. 14 meðstjórnendur. Kosning skal fara þannig fram að kjörtímabil er fjögur ár og skal helmingur meðstjórnenda kjörinn á hverju Íþróttapingi.
- c) Einn meðstjórnandi er tilnefndur af Íþróttamannanefnd ÍSÍ, skv. Reglugerð ÍSÍ um Íþróttamannanefnd ÍSÍ og samþykktur af Íþróttapingi ÍSÍ. Hann hefur einungis atkvæðisrétt í málum er varða ólympísk málefni.
- d) Stjórnin kýs varaforseta, ritara og gjaldkera úr sínum hópi. Falli forseti frá eða hættir á kjörtímabilinu tekur varaforseti sæti hans fram að næsta Íþróttapingi. Sé forsetakjör ekki á dagskrá þess þings skal þrátt fyrir það kjörinn nýr forseti til tveggja ára. Hætti meðstjórnandi störfum eða falli hann frá skal kosinn meðstjórnandi í hans stað á næsta Íþróttapingi og skal kjörtímabil hans vera það sama og þess sem hann kemur í stað.

---

### Breyting á grein 27.3

#### Verður:

27.3. Telji dómsformaður að málið sé réttilega höfðað og innan kærufrests skal hann innan tveggja virkra daga ákveða hvaða dómari skuli fara með málið.

---

## TILLAGA UM BREYTINGAR Á LÖGUM ÍSÍ (LYFJAEFTIRLIT ÍSL.)

73. Íþróttaping ÍSÍ, haldið dagana 5. – 6. maí 2017 í Gullhömrum í Reykjavík samþykkir eftirfarandi tillögur um breytingar á lögum ÍSÍ:

- A.) Úr upptalningu fastanefnda í grein 19.1 falli brott orðin „Lyfjæftirlitsnefnd“ og „Lyfjaráð“.
- B.) Í stað orðanna „Lyfjaráði ÍSÍ“ í grein 24.1 komi: lyfjaráði Lyfjæftirlits Íslands
- C.) Í stað orðanna „Lyfjaráð ÍSÍ“ í grein 30.4 komi: Lyfjaráð Lyfjæftirlits Íslands
- D.) Í stað orðanna „Lyfjaráð ÍSÍ“ í grein 33.5 staflið b komi: Lyfjaráð Lyfjæftirlits Íslands
- E.) Grein 41 ásamt fyrirsögn verði svohljóðandi:  
41. grein. Lyfjæftirlit Íslands  
Framkvæmdastjórn ÍSÍ skipar tvo menn í stjórn Lyfjæftirlits Íslands til tveggja ára í senn.
- F.) Greinar 41.2 og 42. grein falla niður og breytast töluliðir í umræddum greinum til samræmis við þessa breytingu.
- G.) Grein 43 verði svohljóðandi: ÍSÍ veitir Lyfjæftirliti Íslands umboð til að skipuleggja og framkvæma eftirlit með lyfjamisnotkun íþróttamanna, ásamt því að fara með ákærvald í málum er varða brot á Lögum ÍSÍ um lyfjamál.
- H.) Við lögina bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:





Lagabreytingar varðandi Lyfjaeftirlit Íslands sem samþykktar voru á 73. Íþróttáþingi ÍSí, dagana 5.-6. maí 2017 í Gullhömrum í Reykjavík, taka gildi þegar og ef Lyfjaeftirlit Íslands tekur til starfa.

---

## TILLAGA UM BREYTINGAR Á LÖGUM ÍSÍ UM LYFJAMÁL (LÍ)

73. Íþróttáþing ÍSí, haldið dagana 5. – 6. maí 2017 í Gullhömrum í Reykjavík samþykkir eftirfarandi tillögur um breytingar á lögum ÍSí um lyfjamál:

- A.) Grein 1.1. ásamt fyrirsögn verði svohljóðandi:  
1.1 Lyfjaeftirlit Íslands  
Þessar lyfjareglur gilda fyrir Lyfjaeftirlit Íslands.
- B.) Á öllum stöðum í lögnum þar sem „ÍSí“ kemur á eftir orðinu Lyfjaeftirlits skal orðið „Íslands“ koma í staðinn.
- C.) Á öllum stöðum í lögnum þar sem „ÍSí“ kemur á eftir orðinu Lyfjaráð eða orðinu lyfjaráð skal „LÍ“ koma í staðinn.
- D.) Á öllum stöðum í lögnum þar sem „ÍSí“ kemur á eftir orðinu Lyfjaeftirlits eða orðinu lyfjaeftirlits skal „LÍ“ koma í staðinn.
- E.) Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:  
Lagabreytingar varðandi Lyfjaeftirlit Íslands sem samþykktar voru á 73. Íþróttáþingi ÍSí, dagana 5.-6. maí 2017 í Gullhömrum í Reykjavík, taka gildi þegar og ef Lyfjaeftirlit Íslands tekur til starfa.

---

### Þingskjal 6

## TILLAGA UM STOFNUN NÝS SÉRSAMBANDS

73. Íþróttáþing ÍSí, haldið dagana 5. – 6. maí 2017 í Gullhömrum í Reykjavík samþykkir að heimila framkvæmdastjórn ÍSí að vinna að stofnun sérsambands um bogfimi fram að næsta Íþróttáþingi.

---

### Þingskjal 7

## ÁSKORUN UM BARÁTTU GEGN HAGRÆÐINGU ÚRSLITA Í ÍÞRÓTTAKEPPNUM

73. Íþróttáþing ÍSí, haldið dagana 5. – 6. maí 2017 í Gullhömrum í Reykjavík skorar á sérsambönd ÍSí að taka upp í sínu regluverki ákvæði er vinna gegn hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum.

Í því skyni skal hafa til hliðsjónar regluverk Alþjóðaólympíunefndarinnar (IOC), þar með talið siðareglur IOC (Code of Ethics), regluverk viðkomandi alþjóðasambanda og Reglugerð ÍSí sem byggð er á reglum Alþjóðaólympíunefndarinnar.





---

## **Þingskjal 8**

### **ÁSKORUN UM TÓBAKSVARNIR**

73. Íþróttáþing ÍSí, haldið dagana 5. – 6. maí 2017 í Gullhömrum í Reykjavík hvetur sambandsaðila til að halda á lofti áróðri og beita sér af alefli gegn allri tóbaksnotkun þar með talið rafsígarettum og annarri notkun fíkniefna.

---

## **Þingskjal 9**

### **TILLAGA UM ÞJÁLFARAMENNTUN SÉRSAMBANDA**

73. Íþróttáþing ÍSí, haldið dagana 5. – 6. maí 2017 í Gullhömrum í Reykjavík hvetur sérsambönd ÍSí til að efla menntun þjálfara m.a. með auknu námskeiðahaldi í samræmi við samþykktu stefnu ÍSí í þjálfaramenntun, svo og með samræmingu og samstarfi við menntastofnanir.

---

## **Þingskjal 10**

### **ÁSKORUN UM STEFNUMÓTUN MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIS Í ÍÞRÓTTAMÁLUM 2017-2022**

73. Íþróttáþing ÍSí, haldið dagana 5.– 6. maí 2017 í Gullhömrum í Reykjavík hvetur mennta- og menningarmálaráðuneyti til að ljúka við stefnumótun í íþróttamálum 2017-2022.

73. Íþróttáþing ÍSí hvetur jafnframt Alþingi og ríkisstjórn til að tryggja nauðsynlegt fjármagn ásamt aðgerðaráætlun til að hrinda nýrri stefnu í framkvæmd.

---

## **Þingskjal 11**

### **ÁSKORUN UM LYFJAEFTIRLITSSTOFNUN**

73. Íþróttáþing ÍSí, haldið dagana 5.– 6. maí 2017 í Gullhömrum í Reykjavík, felur framkvæmdastjórn ÍSí að hafa forgöngu um að koma á stofn Lyfjæftirliti Íslands árið 2017, sjálfstæðri stofnun sem sér um framkvæmd á lyfjæftirliti og tekur yfir lyfjæftirlit ÍSí. ÍSí skal leita samstarfs við mennta- og menningarmálaráðuneytið í þeirri vinnu. Við stofnun Lyfjæftirlits Íslands er nauðsynlegt að breyta lögum ÍSí og Lögum ÍSí um lyfjamál til samræmis við breytt fyrirkomulag.

---





## **Þingskjal 12**

### **TILLAGA UM ÞÁTTTÖKU FÓLKS AF ERLENDUM UPPRUNA OG BARÁTTU GEGN KYNÞÁTTAFORDÓMUM Í ÍPRÓTTUM**

73. Íþróttáþing ÍSí, haldið 5.– 6. maí 2017, samþykkir að fela framkvæmdastjórn ÍSí að taka upp samstarf við stjórnvöld um að móta markvissa stefnu og aðgerðaráætlun um að hvetja fólk af erlendum uppruna til þátttöku í íþrótt- og félagsstarfi. Íþróttahreyfingin er í þeirri stöðu að geta gegnt mikilvægu hlutverki í aðlögun fólks af erlendum uppruna að íslensku samfélagi. Ennfremur að berjast gegn kynþáttafordómum innan íþróttahreyfingarinnar.

---

## **Þingskjal 13**

### **STUÐNINGUR RÍKIS VIÐ STARF ÍPRÓTTAHERAÐA**

73. íþróttáþing ÍSí, haldið 5.– 6. maí 2017 í Gullhömrum í Reykjavík, samþykkir að fela framkvæmdastjórn ÍSí að hafa forystu um að koma á samstarfi við ríkisvaldið um að efla starf íþróttahéraða.

---

## **Þingskjal 14**

### **TILLAGA UM ÍPRÓTTAVÍSA**

73. íþróttáþing ÍSí, haldið 5.– 6. maí 2017, samþykkir að fela framkvæmdastjórn ÍSí að hafa forgöngu um, í samráði við sambandsaðila, að skilgreina og birta reglubundið tölulegar upplýsingar um stöðu íþróttastarfs á landsvísu sem og í íþróttahéruðum, svo kallaða íþróttavísa.

---

## **Þingskjal 15**

### **TILLAGA UM RÁÐSTEFNU UM FRAMTÍÐARSKIPULAG ÍPRÓTTAMÁLA**

73. Íþróttáþing ÍSí, haldið 5.– 6. maí 2017 í Gullhömrum í Reykjavík, samþykkir að fela framkvæmdastjórn ÍSí að vinna að ráðstefnu um framtíðarskipulag íþróttamála með aðkomu ÍSí, UMFÍ, Samtökum íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneyti.

---





## Pingskjal 16

### TILLAGA UM AUKIÐ SAMSTARF ÍSÍ OG UMFÍ

73. Íþróttaping ÍSÍ, haldið 5.-6. maí 2017 í Gullhömrum í Reykjavík, fagnar auknu samstarfi ÍSÍ og UMFÍ.

## Pingskjal 17

### TILLAGA UM AFREKSSTEFNU ÍSÍ

73. Íþróttaping ÍSÍ, haldið dagana 5.–6. maí 2017 í Gullhömrum í Reykjavík samþykkir eftirfarandi stefnuyfirlýsingu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands í afreksmálum.

#### Afreksstefna ÍSÍ

Sameiginlegt markmið íþróttahreyfingarinnar er að Íslendingar eigi hverju sinni afreksfólk og afreksflokka í íþróttum er skipi sér á bekk með þeim bestu í heiminum. Í því felst að efla hæfni og færni þeirra sem að afreksíþróttastarfinu koma og sem vinna með afreksíþróttafólki, tryggja möguleika afreksíþróttafólks framtíðarinnar til að ná settu marki, stuðla að bættum aðstæðum íþróttafólks og efla þjálfarakunnáttu.

Til þess að ná settu marki ber íþróttahreyfingunni að setja sér tímasettar markvissar áætlanir sem tengjast afreksíþróttastarfinu, svo sem um frammistöðu á skilgreindum stórmótum. Íþróttahreyfingin þarf að stuðla að framförum og framþróun í afreksíþróttastarfinu á sem víðtækastan hátt.

Mikilvægt er að tryggja gott aðgengi afreksíþróttafólks að íþróttamannvirkjum og að sérsambönd fái aðgengi að íþróttamannvirkjum vegna æfinga og keppni. Aðstaða til æfinga og keppni skal jafnan uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til afreksíþróttá samkvæmt afreksstefnum sérsambanda ÍSÍ.

ÍSÍ skal í samvinnu við sérsambönd ÍSÍ móta tímasett markmið og aðgerðaáætlanir vegna þeirra og kynna þau fyrir hreyfingunni, sem og framvindu þeirra. Skulu þau markmið vera mælanleg og aðgerðaráætlanir framkvæmanlegar og taka mið af þeim markmiðum og viðfangsefnum sem getið er um í afreksstefnu þessari.

ÍSÍ skal jafnframt skilgreina alþjóðleg mót í samvinnu við hvert sérsamband ÍSÍ og tilkynna sambandsaðilum um slíkar skilgreiningar. Alþjóðleg mót skulu jafnan skilgreind í þrjá flokka, A, B og C og skulu eftirfarandi skilgreiningar vera til hliðsjónar.

Vegna flokks A sem jafnframt flokkast sem stórmót: Mót á efsta stigi viðkomandi íþróttagreinar í fullorðinsflokkum enda sé tiltekinn fjöldi þátttökupjóða í slíkum mótum, s.s. Ólympíuleikar, Paralympics, heimsmeistaramót, Evrópumót eða önnur sambærileg mót. Í öðrum flokkum eru skilgreind mót sem flokkast neðar hvað varðar mikilvægi og stærð hjá hverju sérsambandi fyrir sig.

ÍSÍ skal á hverjum tíma skilgreina viðmið afreka í samvinnu við hvert sérsamband ÍSÍ og kynna innan íþróttahreyfingarinnar slík viðmið. Eftirfarandi skilgreiningar skulu vera til hliðsjónar varðandi einstaklinga og flokka, en :

- Um framúrskarandi íþróttafólk eða flokk er þá fyrst að ræða þegar einstaklingur eða flokkur skipar sér með árangri sínum í fremstu röð í heiminum.
- Afreksfólk eru þeir einstaklingar/flokkar sem standast viðmið í viðkomandi íþróttagrein sem skilgreind eru af viðkomandi sérsambandi.







- Afreksefni teljast þeir einstaklingar/flokkar sem ekki hafa náð jafn langt en taldir eru með markvissri þjálfun geta skipað sér á bekk með þeim bestu.

Öll vinna að því að ná settu marki í afreksíþróttum skal eiga sér stað innan siðferðisgilda íþróttahreyfingarinnar.

Stefna ber að því að ástundun afreksíþróttafólks sé hluti af lífsmunstri og það að einstaklingurinn helgi íþróttinni krafta sína komi ekki niður á þroska hans og undirbúningi undir að takast á við lífið að íþróttiferli loknum.

Mikilvægt er að efla aðkomu íþróttahéraða að afreksíþróttastarfinu. Æskilegt er að hvert íþróttahérað skilgreini sínar áherslur og stefnu í afreksíþróttastarfi, eftir því sem við á.

Stefnuýfirlýsing Íþrotta- og Ólympíusambands Íslands í afreksmálum skal vera til umfjöllunar á Íþróttaráðgjöf ÍSÍ hverju sinni.

## Helstu markmið og viðfangsefni í afreksíþróttastarfinu

Aftek er uppskera margra ára markvissrar starfsemi og lítil von er um árangur án faglegra vinnubragða og viðunandi starfsumhverfis íþróttafólksins til að þroska hæfileika sína.

Leiðarljós Afrekisstefnu ÍSÍ er að bæta það umhverfi sem afreksíþróttir búa við. Markmið og viðfangsefni í afreksíþróttastarfinu eru m.a.:

Markmið/viðfangsefni	Leiðir	Mæling
<p>Að beita sér fyrir bættri aðstöðu til æfinga fyrir afreksíþróttir á vettvangi sveitarfélaga, ríkis og einkaaðila.</p> <p>Að taka til skoðunar ferlamál fatlaðs afreksíþróttafólks .</p>	<p>Að hvert sérsamband ÍSÍ skilgreini þá aðstöðu sem nauðsynleg er fyrir afreksíþróttafólk. Þessi skilgreining er kynnt sveitarfélögum, ríki og einkaaðilum.</p> <p>Að hvetja opinbera- og einkaaðila til að styrkja landsliðsæfingar og/eða afreksæfingar á vegum sérsambanda ÍSÍ.</p> <p>Að efla aðgengi afreksíþróttar að þeim íþróttamannvirkjum sem eru til staðar, jafnt fyrir fatlað sem ófatlað afreksíþróttafólk.</p>	<p>Fjöldi mannvirkja sem uppfylla kröfur sérsambanda ÍSÍ um aðstöðu til æfinga fyrir afreksíþróttir.</p> <p>Fjármagn opinberra- og einkaaðila sem fer til æfinga á vegum sérsambanda ÍSÍ.</p> <p>Fjöldi tíma sem úthlutað er til sérsambanda ÍSÍ vegna æfinga.</p> <p>Upplýsingar um bætt aðgengi afreksíþróttafólks að íþróttamannvirkjum.</p>
<p>Að stuðla að og miðla niðurstöðum rannsókna á sviði íþrotta- og þjálfunarvísinda til þjálfara, íþróttafólks og annarra er málið varðar.</p>	<p>Að efla samvinnu við háskólastofnanir og þá aðila sem sinna rannsóknum á Íslandi.</p> <p>Fjölga þeim fræðsluviðburðum er miðla niðurstöðum rannsókna á sviði íþrotta- og þjálfunarvísinda.</p>	<p>Fjöldi rannsókna er tengjast íþróttum á ári.</p> <p>Fjöldi fræðsluviðburða er miðla niðurstöðum rannsókna.</p>
<p>Að stuðla að og efla samráð og upplýsingaþjónustu á sviði læknávisinda íþróttanna/ íþrottaheilsufræði.</p>	<p>Efla samvinnu við fagfélög er tengjast læknávisindum íþrotta.</p> <p>Miðla upplýsingum um læknávisindi íþrotta, s.s. á heimasíðu ÍSÍ.</p>	<p>Fjöldi ritaðra greina er birtast á Íslandi um læknávisindi íþrotta, miðlun rannsókna og niðurstaðna þeirra.</p>
<p>Að veita hvers kyns ráðgjöf og stuðning er getur orðið til að efla afreksíþróttafólk, bæði meðan á keppni</p>	<p>Að koma á fót Íþróttamannanefnd ÍSÍ.</p> <p>Að efla starfsemi Samtaka íslenskra Ólympíufara (SÍÓ).</p>	<p>Fjöldi reglubundna skoðanakannana meðal afreksíþróttafólks.</p> <p>Fjöldi fræðsluviðburða á vegum SÍÓ og/eða Íþróttamannanefndar ÍSÍ.</p>





þeirra stendur og að loknum keppnisferli.	Að efla starfsemi Afreksíþróttamiðstöðvar ÍSí.	Fjöldi skráðra mælinga í gagnagrunn Afreksíþróttamiðstöðvar ÍSí
Að skapa kjöraðstæður fyrir afreksíþróttafólk innan skólakerfis og á almennum vinnumarkaði til að ná árangri samhliða námi og starfi.	Ná samningum við LÍN um meiri sveigjanleika fyrir afreksíþróttafólk í námi. Að stuðla að bættum réttindum afreksíþróttafólks innan hins opinbera kerfis, s.s. rétt til fæðingarorlofs og fjölda viðverudaga erlendis á ári vegna íþróttaviðburða. Að stuðla að bættu aðgengi afreksíþróttafólks til fjarnáms á mennta- og háskólastigi. Að styðja við þróun Afreksíþróttabrauta í framhaldsskólum. Að skólar viðurkenni fjarveru afreksíþróttafólks vegna landsliðsverkefna.	Fjöldi afreksíþróttafólks sem er í námi samhliða íþróttaiðkun. Fjöldi afreksíþróttafólks sem getur stundað vinnu samhliða íþróttaiðkun. Upplýsingar um sérúrræði í opinberum regluramma varðandi afreksíþróttafólk. Fjöldi afreksíþróttafólks í viðurkenndu fjarnámi á mennta- og háskólastigi. Fjöldi framhaldsskóla er bjóða upp á afreksíþróttabrautir. Fjöldi skóla sem viðurkenna fjarveru vegna landsliðsverkefna.
Að efla gildi afreksíþróttu í þjóðfélaginu.  Að afreksíþróttir njóti virðingar og viðurkenningar í þjóðfélaginu.	Kynna afreksíþróttir í skólum sem og á vinnustöðum. Stuðla að fjölbreyttari umræðu í fjölmiðlum um afreksíþróttir. Markviss vinna til að kynna mikilvægi afreksíþróttu fyrir almenna íþróttaiðkun á Íslandi.	Fjöldi reglubundna viðhorfskannana um gildi afreksíþróttu meðal markhópa.
Að efla þekkingu þjálfara, dómara og annarra sem koma að afreksíþróttastarfi á Íslandi þannig að þeir séu á heimsmælikvarða.	Að auka framboð af fræðsluviðburðum sem höfða til þjálfara, dómara og annarra þátttakenda í afreksíþróttastarfinu. Að veita styrki til þjálfara, dómara og annarra þátttakenda í afreksíþróttastarfi til að sækja sér framhaldsþekkingu.	Fjöldi fræðsluviðburða fyrir þjálfara, dómara og annarra í fremstu röð. Fjöldi styrkja sem veittir eru til þjálfara, dómara og annarra til að vera á heimsmælikvarða í viðkomandi íþróttagrein.
Að veita afreksíþróttafólki/flokkum fjárhagslegan stuðning.	Að framlög ríkis, sveitarfélaga og styrktaraðila til afreksstarfs aukist.	Upphæð fjármagns til afreksíþróttu í reikningum Íþróttahreyfingarinnar.

## Afreksstefnur sérsambanda

Sérsambönd ÍSí skulu hafa mótaða afreksstefnu sem uppfyllir leiðbeinandi ramma ÍSí fyrir afreksstefnur. Í afreksstefnu sérsambands skal meðal annars fjallað um skilgreiningar á afrekum og flokkun alþjóðlegra móta, kröfur um aðstöðu vegna afreksíþróttu, kröfur vegna menntunar dómara og þjálfara í afreksíþróttastarfi og skipulags fagteymis viðkomandi sérsambands.

Mismunandi kröfur varðandi tímalengd og innihald afreksstefnu skulu gerðar til sérsambanda miðað við afreksstarf sérsambandsins.





Afreksstefnan er leiðin að langtímamarkmiðum viðkomandi íþróttagreinar og tekur á þeim þáttum sem snúa að afreksstarfi í viðkomandi íþróttagreinum. Stefnan ákvarðar þá leið sem sérsambandið og aðilar þess vilja starfa eftir og hvernig nýta á auðlindir sambandsins til að ná settum markmiðum. Með auðlindum er jafnt átt við fjármuni, aðstöðu, búnað og mannauð viðkomandi íþróttagreinar.

Stefnan skal vera til umfjöllunar á sérsambandsþingi eða formannafundi sérsambands hverju sinni og skal borin upp til staðfestingar á sérsambandsþingi.

Sérsamband skal leggja áherslu á að kynna stefnuna fyrir aðildarfélögum og deildum, þjálfurum, iðkendum, aðstandendum íþróttafólksins og öðrum þeim sem stefnan tengist.

Afreksstefna sérsambands skal vera aðgengileg á heimasíðu viðkomandi sérsambands.

## **Stoðþjónusta afreksíþróttá**

Fagteymi ÍSÍ er samnefni fagteyma sérsambanda ÍSÍ, en í fagteymi eru þeir aðilar sem koma að heilbrigðisþáttum og íþróttamælingum viðkomandi íþróttagreinar, s.s. lækningar, sjúkrahjálparar, sálfræðingar, næringafræðingar, lífeðlisfræðingar, íþróttifræðingar og aðrir fagaðilar tengdir sérsamböndum ÍSÍ, heilbrigðiskerfinu og menntastofnunum.

Efla þarf aðgengi afreksíþróttafólks að fagteymisaðilum og öðru sérhæfðu fagfólki sem getur aðstoðað afreksíþróttafólk við að bæta árangur sinn og forðast rangt álag og meiðsli. Jafnframt er mikilvægt að fagteymin komi að fræðsluverkefnum fyrir sérsamböndin.

Afreksíþróttamiðstöð ÍSÍ er vettvangur íþróttamælinga og þjónustu við sérsambönd ÍSÍ og afreksíþróttafólk. Í gegnum miðstöðina skal lögð áhersla á að auka íþróttamælingar í tengslum við afreksíþróttastarf og stuðla að bættum árangri og að fyrirbyggja meiðsli í tengslum við afreksíþróttir.

## **Afrekssjóður ÍSÍ**

Um Afrekssjóð ÍSÍ gildir sérstök reglugerð er framkvæmdastjórn ÍSÍ setur. Við skipan í stjórn sjóðsins skal gætt að því að hlutfall kynja sé sem jafnast. Upplýsingar um styrkveitingar skulu birtar á heimasíðu ÍSÍ, en auk þess skal árlega gefin út ársskýrsla Afrekssjóðs ÍSÍ þar sem upplýsingar um styrkveitingar koma fram sem og áherslur ársins.

Meginhlutverk Afrekssjóðs ÍSÍ í uppbyggingu afreksíþróttá á Íslandi er að styðja sérsambönd fjárhagslega og þar með íslenskt afreksíþróttafólk við að ná árangri í alþjóðlegri keppni. Forsenda styrkveitinga er að sérsambönd hafi markvissa og raunhæfa afreksstefnu, ásamt aðgerðaráætlun. Stuðningur sjóðsins felst í fjárframlögum vegna verkefna sem skulu vera fyrirfram skilgreind í aðgerðaráætlun viðkomandi sérsambands.

Stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ mótar þær áherslur sem liggja að baki styrkveitingum og hvernig ráðstöfunarfé sjóðsins skuli nýtt til einstakra þátta. Er þar átt við þætti sem fjallað er um í Afreksstefnu ÍSÍ sem og öðrum þáttum eins og þátttöku í alþjóðlegri keppni og æfingabúðum, vegna ráðningar íþróttastjóra/landsliðsþjálfara, til að bæta umhverfi og aðstöðu afreksíþróttafólks, vegna fagteymis og mælinga og til verkefna er tengjast hæfileikamótun.

Sérsambönd ÍSÍ skulu flokkuð í þrjá afreksflokka út frá viðmiðum sem framkvæmdastjórn ÍSÍ setur.

Styrkveitingar innan hvers flokks fyrir sig þurfa ekki að vera þær sömu á milli sérsambanda og ráðast af matskenndri ákvörðun stjórnar Afrekssjóðs ÍSÍ vegna umfangs afreksstarfs og verkefna sem koma fram í aðgerðaráætlun og umsókn viðkomandi sérsambands.

Eingöngu sérsambönd innan ÍSÍ eiga rétt á að sækja um styrk til sjóðsins. Þannig verður Afrekssjóður ÍSÍ sérsamböndum til aðstoðar við að efla og bæta afreksíþróttastarf sitt.

Reglugerð Afrekssjóðs ÍSÍ skal taka mið af Afreksstefnu ÍSÍ og þeim viðmiðum í afreksstarfi sem framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur skilgreint í samvinnu við sérsambönd ÍSÍ.





## Sameiginleg ábyrgð

Íþróttahreyfingin verður öll að axla sameiginlega ábyrgð á því að framfylgja afreksstefnu ÍSí og skiptir þá öllu að ríkur metnaður til starfsins sé fyrir hendi jafnt hjá ÍSí, sérsamböndum, íþróttahéruðum og félögum, sem og afreksíþróttafólkinu sjálfu.

---

### Þingskjal 18-19

## ÁSKORUN VEGNA ÞJÓÐARLEIKVANGA

73. Íþróttáþing ÍSí, haldið dagana 5.– 6. maí 2017 í Gullhömrum í Reykjavík skorar á mennta- og menningarmálaráðuneyti að fylgja eftir tillögum starfshóps ráðuneytisins um stefnumörkun og mótun reglna um þjóðarleikvanga í íþróttum, uppbyggingu þeirra og rekstur.

---

### Þingskjal 20

## AFREKSÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐ

73. Íþróttáþing ÍSí, haldið 5.– 6. maí 2017 í Gullhömrum í Reykjavík, samþykkir að fela framkvæmdastjórn ÍSí að halda áfram að vinna að því að hefja starfsemi Afreksíþróttamiðstöðvar Íslands og opna miðstöðina eigi síðar en 2018.

---

### Þingskjal 21

## TILLAGA UM REGLUGERÐ FYRIR AFREKSSJÓÐ ÍSÍ

73. Íþróttáþing ÍSí, haldið dagana 5. – 6. maí 2017 í Gullhömrum í Reykjavík lýsir yfir ánægju sinni með drög að reglugerð um Afrekssjóð ÍSí, sem kynnt hafa verið á þinginu og styður að haldið verði áfram á grundvelli þeirra sjónarmiða sem fram koma í drögunum. Þingið hvetur framkvæmdastjórn ÍSí til að ljúka vinnu við reglugerðina sem fyrst svo unnt verði að úthluta fjármunum úr sjóðnum á grundvelli hinna nýju reglna á komandi mánuðum.

---

### Þingskjal 22

## TILLAGA UM FJÁRHAGSÁÆTLUN 2017-2018

73. Íþróttáþing ÍSí, haldið dagana 5. – 6. maí 2017 í Gullhömrum í Reykjavík samþykkir eftirfarandi fjárhagsáætlun fyrir árin 2017-2018:





## FJÁRHAGSÁÆTLUN ÍSÍ 2017-2018

REKSTRARTEKJUR	2017	2018
1 Framlag ríkissjóðs	190.700.000	172.400.000
2 Íslensk getsþá	29.000.000	27.000.000
3 Ósóttir vinningar 2017	5.000.000	5.000.000
4 Íslenskar getraunir	4.900.000	4.900.000
5 Styrkir frá IOC og EOC	30.900.000	30.000.000
6 Hlutur sérsambanda og aðrar tekjur vegna þátttöku í leikum	43.700.000	0
7 Styrkir Ólympíufjölskyldu ÍSÍ	17.500.000	17.500.000
8 Tekjur vegna verkefna fagsviða	32.400.000	33.000.000
9 Húsaleigutekjur	22.500.000	23.000.000
10 Tekjur vegna reksturs félagakerfis	5.500.000	4.500.000
11 Aðrar tekjur	1.000.000	1.000.000
	<b>383.100.000</b>	<b>318.300.000</b>

  

REKSTRARGJÖLD	2017	2018
12 Skrifstofukostnaður	110.720.000	119.000.000
13 Funda- og ferðakostnaður	8.000.000	8.500.000
14 Fagsvið, nefndir og verkefni	47.750.000	52.000.000
15 Afreks- og Ólympíusvið, rekstur og verkefni	25.100.000	27.000.000
16 Íþróttaleg samskipti	90.800.000	40.000.000
17 Íþróttaping og formannafundur	9.000.000	2.000.000
18 Íþróttamiðstöðin í Laugardal	35.800.000	38.500.000
19 Lyfjaeftirlit	22.200.000	0
20 Tölvukerfi íþróttahreyfingarinnar - Felix	18.290.000	15.000.000
21 Annar kostnaður	4.900.000	5.000.000
22 Afskriftir bifreiða	800.000	0
	<b>373.360.000</b>	<b>307.000.000</b>

  

23 Fjármagnstekjur og (fjármagnsgjöld)	2.860.000	3.000.000
<b>HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS</b>	<b>12.600.000</b>	<b>14.300.000</b>





---

## Pingskjal 23

### TILLAGA UM SKIPTINGU Á AUKAFRAMLAGI FRÁ ÍSLENSKRI GETSPÁ

73. Íþróttaping ÍSí, haldið dagana 5. – 6. maí 2017 í Gullhömrum í Reykjavík samþykkir að auka arðgreiðsla frá Íslenskri getspá árin 2016 og 2017 skiptist sem hér segir:

Greiðsla til sambandsaðila skv. úthlutunarreglum ÍSí vegna lottó 60% eða kr. 75.600.000,-.

Greiðsla í fyrirhugaðan Viðhalds- og byggingarsjóð ÍSí 40% eða kr. 50.400.000,-.

---

## Pingskjal 24

### TILLAGA UM VIÐHALDS- OG BYGGINGARSJÓÐ ÍSÍ

73. Íþróttaping ÍSí, haldið dagana 5.-6. maí 2017 í Gullhömrum í Reykjavík, samþykkir að stofna Viðhalds- og byggingarsjóð ÍSí. Stofnframlag sjóðsins verði 40% af auka arðsúthlutun Íslenskrar getspár árin 2016 og 2017 eða 50,4 millj. kr.

---

### TILLAGA UM NÝJA HEIÐURSFÉLAGA

73. Íþróttaping ÍSí, haldið dagana 5.– 6. maí 2017 í Gullhömrum í Reykjavík samþykkir að að kjósa eftirfarandi einstaklinga Heiðursfélaga Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands:

Helgu H. Magnúsdóttur

Jón Gunnar Zoëga

Júlíus Hafstein

---

